

Þorskeldi ehf.
Hömrúm 12
765 Djúpvogur

Reykjavík, 29. júní 2020
UST202005-177/H.G.
08.12.01

Efni: Niðurfelling starfsleyfis - Þorskeldi ehf. - Berufjörður

Umhverfisstofnun barst erindi þann 15. maí sl. frá Þorskeldi ehf. þar sem óskað var eftir niðurfellingu á starfsleyfi Þorskeldis ehf. í Berufirði, kt. 451103-3420, fyrir kvíældi á þorski og regnbogasilungi við Berufjörð.

Farið var í lokunareftirlit 14. maí sl. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að engar eldiskvíar hafa verið í rekstri hjá fyrirtækinu á svæðinu frá síðasta eftirliti þann 9. júní 2017. Staðfest er að engin starfsemi er hjá rekstraraðila og að engin frávik eða ábendingar komu fram við lokaskoðun.

Stofnunin hefur því ákveðið að fella niður starfsleyfi Þorskeldis ehf. í Berufirði, kt. 451103-3420 og mun auglýsa niðurfellinguna opinberlega á vefsíðu sinni.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um niðurfellingu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónsson
staðgengill forstjóra



Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

Afrit af þessu bréfi verður sent til Heilbrigðisnefndar Austurlands